

Ed.

945. Nefndarálit

[340. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um málið og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur þó fyrirvara um afstöðu sína til 26. gr. frv. Minni hl. n. mun skila séráliti.

Alþingi, 16. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., með fyrirvara.

Lárus Jónsson,
frsm.

Valdimar Indriðason.

Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Meginorsök fjárhagsvanda ríkissjóðs.

Undanfarin ár jukust ríkisútgjöld mjög að raungildi. Kaupmáttur var á þessu tímabili mikill og í raun langt umfram getu þjóðarbúsins. Þessi kaupgeta hafði í för með sér mikinn viðskiptahalla og erlenda eyðsluskuldaféttun (sjá mynd I og II), en ríkissjóður hafði jafnframt miklar tekjur af innflutningi og veltu sem af þessu stafaði. Skatttekjur ríkissjóðs fóru auk þess vaxandi í hlutfalli af þjóðartekjum.

Skatttekjur voru árið 1982 sem hér segir af þjóðarframleiðslu og 1984 skv. nýrri tekjuáætlun (sem fjárhagsvandinn eða „gatið“ í ríkisfjármálunum er við miðað):

1982 30,2%


1984 27,1% (áæ).

Samkvæmt framansögðu er stefnt að því að tekjur ríkissjóðs dragist mun meira saman en þjóðarframleiðslan. Þannig axlar ríkisbúskapurinn í raun miklu meira en sinn hluta af þeirri kjaraskerðingu sem óhjákvæmilega hefur orðið vegna minnkandi sjávarafla og rýrnunar þjóðartekna.

Væru þjóðartekjur þær sömu og árið 1982 að raungildi og sama hlutfall af þjóðartekjum tekið í skatta til ríkissjóðs þá næmu skattar á yfirstandandi ári milli 3,5 til 4 milljörðum króna hærrí fjárhæð en ný tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir. Þetta er meginorsök vandans í ríkisfjármálunum. Ljóst var að sú stefnubreyting, sem ákveðin var með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar fyrir tæpu ári — að hætta eyðslu umfram efni þjóðarbúsins, — mundi koma þungt niður á ríkissjóði. Auk þess samdráttar í sköttum á eyðslu, sem slíkt hlaut að hafa í för með sér, valda beinar ákvarðanir um lækkingu skatta 550 m. kr. tekjutapi ríkissjóðs í ár að mati Þjóðhagsstofnunar, sbr. fskj. nr. 3.


Ef úr væri að spila 3,5 til 4 milljörðum í tekjuauka hjá ríkissjóði fram yfir áætlanir væri ekki rúmlega 2 milljarða króna vandi í ríkisfjármálunum. Sú staðreynd, að menn mátu þennan vanda ekki meiri þrátt fyrir þá miklu breytingu, sem orðin er í tekjuöflun ríkissjóðs, sýnir að þrátt fyrir allt hefur tekist að þrýsta ríkisútgjöldunum verulega niður að raungildi frá því horfi sem þau voru í 1982.

Mynd I.



Mynd II.

LÖNG ERLEND LÁN 1978-1982 (Millj. kr.)
á föstu gengi (31. des. 1983)




Fylgiskjal II.

Breyting kaupmáttar og þjóðartekna á mann frá árinu 1977.

Undanfarin ár, 1977—1982, hefur kaupmáttur aukist mjög umfram hækkun þjóðartekna á mann. Þetta hefur m. a. valdið miklum viðskiptahalla og eyðsluskuldum. Þetta kemur glöggft fram á mynd III. Enn er búist við nokkrum viðskiptahalla á árinu 1984. Því má segja — ef svo verður — að ríkissjóður njóti enn tekna af eyðslu sem er umfram efni, þótt í hverfandi mæli sé miðað við fyrri ár.

Mynd III.



Fylgiskjal III.

Þjóðhagsstofnun
7. mars 1984.

**Lausleg áætlun um árlegt tekjutap ríkissjóðs
vegna lækkunar og/eða niðurfellingar
skatta 1983—1984,
(Fjárlagaverðlag 1984.)**

1. Lækkun tekjuskatts einstaklinga (sérstök hækkun persónuafsláttar og barnabóta, skv. brbl. nr. 56 í maí 1983)	250 m. kr.
2. Lækkun innflutningsgjalds af bifreiðum	50 m. kr.
3. Afnáam 10% álags á ferðamannagjaldeyri	100 m. kr.
4. Lækkun tolla og vörugjalds af ýmsum nauðsynjavörum (brbl. nr. 60/1983)	70 m. kr.
5. Niðurfelling söluskatts af innfluttum vélum og tækjum til landbúnaðar, niðurfelling tolla og söluskatts af tölum o. fl.)	80 m. kr.
<hr/> Tekjur alls	<hr/> 550 m. kr.

1) Lausleg áætlun fjármálaráðuneytisins.

Aths.

Við gerð tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 1984 var tekið tillit til framangreindrar skattalækkunar.

Fylgiskjal IV.

Þjóðhagsstofnun
14. maí 1984.

Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1970—1983.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Vísitölur 1970=100														
Þjóðarframleiðsla á mann	112	116	123	126	122	124	130	134	138	142	143	138	129	125
Viðskiptakjör	113	112	130	117	98	110	119	119	108	105	106	104	107	107
Þjóðartekjur á mann	115	119	131	131	121	128	138	142	141	143	144	139	133	129
Þjóðarútgjöld á mann	125	125	139	153	139	134	147	146	148	153	158	159	141	136
Einkaneysla á mann	115	124	133	141	125	125	134	141	142	142	148	149	139	131
Samneysla á mann	106	112	121	126	131	139	139	143	146	151	156	158	161	161
Fjárfesting á mann	141	137	162	177	160	155	171	161	159	172	173	165	141	137
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af þjóðarframl., %	-7,1	-2,6	-2,7	-11,0	-11,1	-1,6	-2,5	1,4	-0,8	-2,3	-5,0	-10,0	-2,4	-2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	113	124	134	143	127	130	146	158	160	161	171	172	153	143
Breyting frá fyrra ári, %														
Þjóðarframleiðsla á mann	11,7	4,1	6,1	2,1	-3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,4	-3,3	-6,4	-3
Viðskiptakjör	12,9	-1,0	16,0	-10,0	-16,0	11,9	8,7	0,2	-9,2	-3,4	1,0	-1,5	2,6	0
Þjóðartekjur á mann	14,7	3,8	10,0	-0,3	-7,0	5,0	8,1	2,7	-0,7	1,6	0,7	-3,6	-4,7	-3
Þjóðarútgjöld á mann	24,9	0,2	11,3	9,9	-9,0	-3,9	9,9	-1,0	1,7	3,1	3,4	1,0	-11,4	-3½
Einkaneysla á mann	15,2	8,0	7,1	5,6	-11,2	0,2	7,1	5,1	1,0	-0,1	3,8	0,7	-6,9	-6
Samneysla á mann	5,7	6,0	7,8	4,7	3,5	6,1	-0,1	3,0	2,5	2,9	3,8	0,8	2,0	0
Fjárfesting á mann	40,7	-2,6	18,4	9,3	-9,6	-3,4	10,6	-6,2	-1,6	8,2	0,9	-4,8	-14,5	-3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	12,8	10,3	7,7	6,8	-11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	0,6	5,8	0,9	-11,3	-6½

Þjóðhagsstofnun vinnur nú að endurskoðun þjóðhagsspár fyrir árið 1984. Hér eru sýndar bráðabirgðaniðurstöður sem m. a. eru byggðar á ákvörðunum í apríl og maí um fiskveiðikvóta og tillögum stjórnarfrumvarps sem lagt var fram á Alþingi 3. maí 1984 um ríkisfjármál, peninga- og lánsfjármál.